

Vöktun vatnafugla á Snæfellsnesi

Róbert A. Stefánsson¹, Jón Einar Jónsson² og Menja von Schmalensee¹

1. Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi, 2. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi



Af hverju vatnafuglavöktun?




Á tímum mikilla umhverfisbreytinga er vaxandi þörf á áreiðanlegum upplýsingum um náttúrufer en gögn skortir um stöðu og þróun margra íslenskra fuglastofna.¹

- Langtímaþróun er mikilvægt og hagkvæmt upplýsingatæki fyrir verndun tegunda og búsvæða og til að fylgjast með áhrifum umhverfisbreytinga.
- Með fuglavöktun fæst vísitala á stofnbreytingar, sem bera má saman við þróun á öðrum svæðum.
- Reglulegar talningar vatnafugla eru ein hagkvæmasta leiðin til að fá gögn um þróun margra íslenskra fuglastofna¹, auk þess sem þær geta í einhverjum tilfellum gefið vísbendingar um heilbrigði ferskvatnabúsvæða.
- Vöktunargögn geta stutt við ákvarðanir um verndaraðgerðir eða veiðar en val á aðgerðum veitur m.a. á því hvort um sé að ræða breytingar á landsvísi eða á afmörkuðu svæði.

Er þetta mikið mál?


Vöktun vatnafugla á Snæfellsnesi hófst árið 2011. Fuglar eru taldir á og við aðgengileg vötn, tjarnir og ár:

- Á sunnanverðu Snæfellsnesi frá Fáskrúðarbakka í Eyja- og Miklaholtshreppi í austri að Barðastöðum í Staðarsveit í vestri.
- Á norðanverðu Snæfellsnesi er talið á vötnum á Þórsnesi og við Vatnaleið.
- Áherslan er á vatnafugla en allir fuglar á athugunarstöðum eru þó skráðir.
- Talið er tvisvar á ári, um mánaðamótin maí-júní til að meta fjölda varpfugla og svo aftur snemma í ágúst til að meta ungaframleiðslu. Einn maður getur lokið hvorri talningu á einum degi en þægilegra er framkvæma talningu þannig að einn telur og annar skráir. Við þennan tíma bætist innsláttur og úrvinnsla gagna, u.þ.b. 2 manndagar á ári.
- **Miðað við vinnuframlag og magn upplýsinga sem fást er þetta mjög hagkvæmt verkefni.**



Dæmi um niðurstöður vortalningar fyrstu 9 árin. Skúfönd var algengasta tegundin.

Vatnafuglar eru taldir á norðan- og sunnanverðu Snæfellsnesi. Talningarstaðirnir 28 eru merktir með rauðum punktum.



	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Fjöldi tegunda	34	38	34	37	38	36	38	34	33
Par af vatnafuglar	14	14	16	13	14	15	16	13	13
Par af aðrir fuglar	20	24	18	24	24	21	22	21	20
Fjöldi fugla	773	1223	1012	873	1747	1183	1140	957	1075
Par af vatnafuglar	299	495	449	257	518	448	420	355	439
Par af aðrir fuglar	474	728	563	616	1229	735	720	602	636

Samantekt niðurstaðna vortalninga fyrstu 9 árin.

Eflum vatnafuglavöktun

Mjög æskilegt er að efla vatnafuglavöktun á landsvísi. Vatnafuglar eru einungis vaktaðir á sambærilegan hátt á fáeinum stöðum á landinu, einkum á Norðausturlandi⁵ og Snæfellsnesi.

- Milli árána 1970 og 2014 minnkuðu stofnar villtra hryggdýra að jafnaði um 60% á heimsvísu.²
- Af 170 algengustu varpfuglategundum Evrópu er stofnstærð 66 þeirra á niðurlæið síðan 1980.³
- Af 77 reglulegum varpfuglategundum er 41 tegund á íslenska fuglaválistanum.⁴ Þar af eru þrjár tegundir í bráðri hættu (CR), 11 í hættu (EN) (þar á meðal duggönd), 23 í nokkurri hættu (VU) og 8 í yfirvofandi hættu (NT).
- **Mikilvægt er að fjölga svæðum þar sem vatnafuglar eru vaktaðir með reglubundnum hætti.**

Ljósmyndir: Daníel Bergmann, www.danielbergmann.com

Heimildir

- Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 2012. Vöktun íslenskra fuglastofna: Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-12010. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.
- WWF. 2018. Living Planet Report – 2018: Aiming Higher. Grooten, M. og Almond, R.E.A. (ritstj.). WWF.
- European Bird Census Council (EBCC). 2019. State of common European breeding birds 2018. Pan-European Common Bird Monitoring Scheme (PECBMS).
- Válisti fugla: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>. Sóttur 11.10.2019.
- Yann Kolbeinsson, Árni Einarsson, Arnþór Garðarsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson. 2018. Ástand fuglastofna í Þingeyjarsýslum árið 2017. Unnið fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1802.

